

Nd.

## 41. Frumvarp til laga

[40. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja jörðina Ytri-Bug, Fróðárhreppi, Snæfellsnessýslu, þessum aðilum:

Sigurði Kristjónssyni, Snæfellsási 7, Hellissandi.

Birni Kristjónssyni, Brautarholti 8, Ólafsvík.

Einari Kristjónssyni, Ennisbraut 29, Ólafsvík.

Guðmundi Kristjónssyni, Brautarholti 14, Ólafsvík.

Úlfari Kristjónssyni, Vallholti 5, Ólafsvík.

Söluverð jarðarinnar fer eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Jörðin Ytri-Bugur í Fróðárhreppi er smájörð, 19 600 kr. að fasteignamati, sem lengi hefur verið í ríkiseign. Þar bjuggu í þrjá áratugi hjónin Kristjón Jónsson og Jóhanna Kristjánsdóttir með stóran barnahóp. Af sonum þeirra sex er einn fluttur burt úr héraðinu. Hinir fimm eru búsettir í Ólafsvík og á Hellissandi. Þeir eru allir skipstjórar og tvímælalaustr í hópi dugmestu sjósóknara og aflamanna við Breiðafjörð. Svo sem fram kemur af bréfi þeirra, sem hér er prentað sem fylgiskjal, hafa þeir hug á að eignast áðurnefnda jörð með það fyrir augum að sýna henni umhirðu og ræktarsemi.

Meðmæli hreppsnefndar Fróðárhrepps fylgja hér með.

### Fylgiskjal I.

Hellissandi og Ólafsvík, 6. okt. 1971.

Við undirritaðir bræður leyfum okkur hér með að fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það mæli með, að við fáum keypta ríkisjörðina Ytri-Bug í Fróðárhreppi á Snæfellsnesi fyrir sanngjarnt verð. Ástæða fyrir þessari beiðni okkar er sú, að á umræddri jörð bjuggu foreldrar okkar, Kristjón Jónsson og Jóhanna Kristjánsdóttir, allan sinn búskap eða um 30 ára skeið. Þar erum við bræður fæddir og uppaldir. Þetta er smájörð, húsalaus og vanhirt, sem okkur langar til að eignast og gera henni eitthvað til góða.

Virðingarfyllst,

Sigurður Kristjónsson,      Úlfar Kristjónsson,      Einar Kristjónsson,  
Guðmundur Kristjónsson,      Björn Kristjónsson.

### Fylgiskjal II.

#### Afrit af fundargerð.

Ár 1971 fimmtudaginn 11. febrúar var hreppsnefndarfundur haldinn að Kötluholti. Allir aðalhreppsnefndarmenn mættir. Fyrir fundinn var lagt bréf Friðjóns Þórðarsonar alþingismanns, dags. 3. febrúar 1971, þar sem farið er fram á umsögn hreppsnefndarinnar viðkomandi sölu þjóðjarðarinnar Ytri-Bugs, Fróðárhreppi.

Hreppsnefndin er sammála um að afsala forkaupsrétti fyrir hreppsins hönd á téðri jörð.

Staðfesti rétt afrit, f. h. hreppsnefndar, Kötluholti 11. febrúar 1971.

Oddviti Fróðárhrepps,

Ágúst Lárusson.